

Reykjavík, 5. desember 2019
/es

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Lýsing neysluvatns í Reykjavík

Veitum ohf. hefur borist erindi umhverfis- og skipulagssviðs, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks í umhverfis- og heilbrigðisráði þann 27. nóvember 2019 varðandi það „*hvort að neysluvatn Reykvíkinga sé geislað. Ef svo er að vatnið sé geislað hverjar eru ástæður þess og af hverju hefur það ekki verið upplýst um það?*“

Veitur hafa sett upp búnað til að lýsa aukið magn af köldu vatni sem íbúar borgarinnar fá úr vatnsbólunum í Heiðmörk. Prófanir á búnaðinum standa hafa staðið yfir og er búnaðurinn að komast í fulla virkni þessa dagana.

Í janúar 2018 mældist fjöldi örvera yfir mörkum reglugerðar í vatnsdreifikerfinu í Reykjavík. Þá var ákveðið að kaupa lýsingartæki svo tryggja mætti fólki og fyrirtækjum í höfuðborginni nægt heilnæmt vatn. Síðan þá hefur vatn úr einni borholu verið lýst. Magnið sem tekið er úr þeirri holu nemur um fimmtungi af heildarframleiðslu vatnstökusvæðisins.

Keypt hafa verið fleiri lýsingartæki og þegar þau verða komin í gagnið verður allt vatn af neðra svæði vatnstökusvæðisins í Heiðmörk lýst þegar möguleiki er á hláku. Við þær aðstæður eykst hættan á að vatn af yfirborði berist í grynntu borholurnar og beri með sér gerla.


Með lýsingu eru örverur gerðar óvirkar áður en vatninu er veitt út í dreifikerfið. Lýsingin felur í sér að vatnið er látið renna í gegnum útfjólublátt ljós en þessi háttur er víða hafður á hér á landi, einkum þar sem vatn er tekið af yfirborði eða úr grunnum borholum. Ekki er talin ástæða til að lýsa vatn úr dýpri holunum í Heiðmörk þar sem aldrei hafa fundist gerlar. Lýsing á neysluvatni er þekkt aðferð til að tryggja gæði vatns og er m.a. notuð víða á Norðurlöndum, svo sem í Stokkhólmi, Osló og Helsinki.

Veitur og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur munu halda áfram reglulegri sýnatöku úr vatnsbólunum og dreifikerfinu til að tryggja að vatn berist tært og hreint til notenda.

Upplýst var um lýsingu vatns með frétt á heimasíðu Veitna þann 7. nóvember 2018, sjá hér

<https://www.veitur.is/frett/lysing-a-hluta-kalda-vatnsins>

Nú þegar lýsingarbúnaður er kominn í fulla virkni hafa Veitur upplýst um það með frétt á heimasíðunni, sjá hér



<https://www.veitur.is/frett/aukin-lysing-vatns-fra-vatnsbolum-i-heidmork>

Virðingarfyllt,

Arndís Ósk Ólafsdóttir

Arndís Ósk Ólafsdóttir
Forstöðumaður vatnsveitu